

Þingeyri 25. október 2022

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Stjórnsýsluhúsinu

400 Ísafjörður

Efni: Endurnýjun tvíhliða samnings Ísafjarðarbæjar við Kómedíuleikhúsið.

Einlægán og góðan dag úr dýrðlegum Ísafjarðarbæ. Í lok þessa árs, 2022, rennur út samningur okkar í Kómedíuleikhúsinu við okkar góða bæ, Ísafjarðarbæ. Við óskum hér með eftir endurnýjun á samningnum til næstu 3 ára eða svo.

Það eru engar ýkjur að segja að þessi samningur hefur verið ein af undirstöðum þess að við höfum getað haldið úti atvinnuleikhúsi í Ísafjarðarbæ árið um kring. Markmið okkar er að halda áfram af sama krafti og ef eitthvað bæta í. Við höfum smátt og smátt verið að auka starfsemi okkar hér í Ísafjarðarbæ. Við höldum úti árlegu sumarleikhúsi í Haukadal í Dýrafirði sem hefur verið afskaplega vel tekið af íbúum sem og af ferðamönnum. Það eru viss lífsgæði að geta gengið að því að sjá reglulega atvinnuleiksýningar í sínum eigin bæ. Árlega sýnum við verk okkar í skólum Ísafjarðarbæjar nú síðast frumsýndum við nýjasta verk okkar, Tindátarnir, fyrir nemendur í leik- og grunnskóla Þingeyrar. Í framhaldinu sýndum við í öðrum skólum og einnig á dvalarheimilinu á Þingeyri. Auk alls þessa sýnum við um land allt árið um kring og erum einmitt þegar þetta er ritað á leikferð um landið með Tindátana.

Verkefni okkar fyrir Ísafjarðarbæ samkvæmt samningi hafa gengið vel í gengum árin og fátt er skemmtilegra en að mæta í skólana með verk okkar sem og sýna á dvalarheimilum eða á 17. júní skemmtan bæjarins. Það er mikilvægt að börn á öllum aldri fái jöfn tækifæri til að upplifa leiksýningar í sínu eigin umhverfi.

Kómedíuleikhúsið óskar hér með eftir endurnýjun á tvíhliða samningi okkar við Ísafjarðarbæ frá og með komandi ári, 2023 og til næstu 3 ára.

Með fyrirfram þökk og kveðju úr firði Dýra,

---

Elfar Logi Hannesson

Kómedíuleikhúsið

Þingeyri